

FJÖLBRAUTASKÓLINN BREIÐHOLTI

LOKAPRÓF Í

SKYNDIÐHJÁLP 1024

NAFN: _____

KENNITALA: _____

KENNARI: Þorbjörg Jónsdóttir

PRÓFDAGUR: **Mánudaginn 14. maí**
PRÓFTÍMI: **KL. 12:15**, prófið er ein klukkustund
HJÁLPARGÖGN: engin
PRÓFIÐ ER Á 13 BLS. (með forsíðu)

VÆGI:

KROSSASPUÐNINGAR	25%
FULLYRÐINGAR	20%
BEINAR SPURNINGAR	55%

Gangi þér vel

**1. HLUTI. KROSSASPURNINGAR 25%.
VÆGI HVERRAR SPURNINGAR ER 1%.
ATHUGIÐ AÐ AÐEINS EITT SVAR ER RÉTT. EF KROSSAÐ ER
VIÐ TVÖ EÐA FLEIRI ATRÍÐI FÁIÐ ÞIÐ RANGT FYRIR
SPURNINGUNA.**

1. Skyndihjálparnámskeið eru á vegum:

- landlæknisembættisins
- heilsugæslistöðva
- Rauða krossins
- Lýðheilsustöðvar

2. Hvað er það næsta sem þú gerir þegar þú ert búin(n) að greina einstakling meðvitundarlausan og þú gerir þér grein fyrir að viðkomandi er í öndunar- og hjartastoppi ?

- leggja viðkomandi í hliðarlegu
- hringja í neyðarlínuna
- koma í veg fyrir lost
- hefja endurlífgun

3. Ef aðskotahlutur situr fastur í öndunarvegi og einstaklingur er með meðvitund, skal þrýsta á kvið:

- með krepptum hnefa, rétt fyrir neðan naflann
- með hægri hendi, rétt fyrir ofan naflann
- ofarlega, nálægt lungunum
- með báðum höndum krepptum, rétt fyrir ofan nafla

4. Hvað af eftirfarandi væri gott að hafa við höndina til að verjast blóðsmiti:

- plastsvuntu
- rennandi vatn
- einnota latex hanska
- góða bómullarhanska

5. Þegar blásið er í ungbarn

- er blásið þéttingsfast í munn og nef þannig að maginn þenst út
- er blásið laust í munn barnsins, haldið um nef og höfuð sveigt til hliðar
- er blásið einu sinni varlega í munn og nef barnsins og höfuðið sveigt aftur um leið og blásið er
- er blásið tvisvar í munn og nef og höfuðið sveigt fram á meðan blásið er

6. Það fyrsta sem þú gerir þegar þú kemur að slysstað þar sem tveir bílar hafa lent saman er að:

- athuga ástand þeirra sem lentu í bílslysinu
- tryggja öryggi á vettvangi
- hringja í 112
- koma þeim slösuðu út úr bílunum

7. Hvað eftirfarandi atriða gæti bent til lélegs blóðstreymis/súrefnismettunar?

- rauð, þurr og heit húð
- gulur húðlitur og gul augnhvíta
- Fölleit húð, en heit
- köld, fól og bláleit húð

8. Gott er að styðjast við skammstöfunina SJOBL þegar við erum að skoða sjúkling m.t.t.:

- höfuðáverka
- kviðáverka
- brjóstáverka
- beinbrota

9. Þú kemur að meðvitundarlausu ungbarni liggjandi á gólfinu. Hvað af eftirfarandi væri rétt að gera fyrst ?

- leggja barnið í hliðarlegu
- hnoða barnið með annari hendi milli geirvarta
- opna öndunarveg og athuga hvort barnið andar
- lyfta fótum barnsins til að fyrirbyggja lost

10. Þú kemur að einstaklingi í losthættu. Hvað af eftirfarandi atriðum er rangt ?

- að róa hann
- að draga úr sársauka
- að hækka undir fótum
- að gefa honum að drekka

11. Hvert eftirtalinna atriða telur þú vera rétt við hreinsun grunnra sára ?

- þvo sárið með volgu sápuvatni
- þvo sárið með hreinu spritti
- burstu sárið með góðum naglabursta og sápuvatni
- ekki gera neitt

12. Hvert eftirfarandi atriða er rétt við flutning á afhögnum fingri með hinum slasaða til lækni ?

- setja fingur á þurrís
- setja fingur í rennblauta grisju
- vefja fingur í raka grisju, síðan í plastpoka, að lokum í ísvatn
- geyma fingur í munninum á þeim slasaða

13. Heppilegustu umbúðirnar sem notaðar eru við slagæðablæðingu eru:

- teygjubindi
- snarvöndull
- þrýstiumbúðir
- plástur

14. Einkenni innvortis blæðinga geta verið:

- viðkomandi hóstar upp blóði
- viðkomandi kastar upp blóði
- kviðurinn er þaninn og harður viðkomu
- allt ofangreint er rétt

15. Einstaklingur hefur hlotið kviðarholsáverka og garnirnar standa úti. Þú átt að:

- troða þeim inn aftur
- setja þurrar grisjur yfir garnirnar
- setja rakar dauðsótthreinsaðar umbúðir yfir garnirnar
- leggja þær varlega aftur á sinn stað

16. Hvaða skyndihjálpmyndir þú veita einstaklingi í flogaveikiskrampa:

- skvetta köldu vatni frama í hann
- stinga einhverju á milli tanna sjúklings
- verja einstaklinginn þannig að hann meiði sig ekki
- gefa sjúklingi vatn að drekka

17. Skyndihjálpin við beinbroti felst m.a. í því að kanna:

- blóðrás
- tilfinningu
- hreyfigetu
- allt ofangreint er rétt

18. Eitt af því sem við gerum þegar við veitum skyndihjálpi við efnabruna er að:

- ef um þurrefni er að ræða er nóg að dusta það af viðkomandi
- ef um fljótandi efni er að ræða er best að þvo það af viðkomandi með blautum klút
- skola með miklu vatni í a.m.k. 15-20 mínútur
- best að gera sem minnst

19. Hver er líkamshitinn þegar við greinum alvarlega ofkælingu :

- undir 37°C
- undir 35°C
- 32°C
- undir 32°C

20. Hvað eftirfarandi atriða er rétt að framkvæma við skyndihjálpi á einstaklingi með djúpt kal:

- nudda kalinn líkamshluta
- gott er að gefa áfengi, það víkkar æðarnar
- dýfa skal kalna líkamshlutanum í volgt vatni (39-40°C)
- stinga kalna líkamshlutanum í heitan ofn

21. Það fyrsta sem þú gerir þegar þú kemur að einstaklingi sem er í snertingu við rafleiðslu (rafmagnsbruni) er að:

- beita hjartahnoði
- athuga hvort hann andar
- athuga hvort hann er með merki um blóðrás
- rjúfa strauminn

22. Skyndihjálpin við einstakling sem hlotið hefur höfuðkúpubrot felst m.a. í því að:

- fylgjast með öndunarvegi, öndun, blóðrás og virkni
- hefta blóð- og mænuvökvaleka úr eyra
- fjarlægja aðskotahlut úr höfðinu
- hreinsa opið höfuðkúpubrot

23. Til að kanna háls og/eða hrygg áverka skal:

- biðja hinn slasaða að hreyfa fingur eða tær
- láta hinn slasaða standa í fætturna, í lagi ef hann stendur óstuddur
- leggja hinn slasaða á magann og kanna hrygg sveigjuna
- láta hinn slasaða setjast upp og athuga höfuðstöðuna

24. Þegar aðskotahlutur svo sem hnífur/glerbrot er fastur í sári:

- skal ætíð stytta aðskotahlutinn
- skal losa um aðskotahlutinn, án þess að fjarlægja hann
- skal alltaf fjarlægja aðskotahlutinn
- skal skorða aðskotahlutinn með umbúðum, þannig að hann hreyfist ekki

25. Hver eftirfarandi einkenna geta komið fram hjá sjúklingi með háan blóðsykur:

- mikill þorsti
- skapvonska/reiði
- fölvi
- einkenni koma skyndilega

2. HLUTI. FULLYRÐINGAR. (20%)

HVER FULLYRÐING GILDIR 2%. DRAGÐU HRING UTAN UM JÁ EF ÞÚ ERT SAMMÁLA FULLYRÐINGUNNI EN ANNARS UTAN UM NEI.

1. já nei Grátandi og veinandi fólki ætti að sinna á undan þeim sem ekkert heyrir í
2. já nei Alltaf skal byrja á því að taka heilsufarssögu hjá öllu slösuðu fólki
3. já nei Skammstöfunin BOVA hjálpar þér að muna hvaða upplýsingar úr heilsufarssögu geta komið að gagni við aðhlyningu sjúklings
4. já nei Við lífgunartilraunir á börnum (1-7 ára) skal þrýsta 5 sinnum á brjóstkassann og blása síðan einu sinni
5. já nei Við hjartahnoð skal þrýsta beint niður
6. já nei Nota á aðra höndina við hjartahnoð á börnum frá 1-8 ára
7. já nei Smjör hefur góð áhrif á fyrsta og annars stigs bruna
8. já nei Hefta skal skjálfta hjá fólki sem er hætta búin vegna ofkælingar.
9. já nei Ef grunur leikur á fótbroti skal leggja ís beint á húðina
10. já nei Leiki grunur á höfuðkúpubroti skal þrýsta á jaðar sársins en ekki beint á það

3. HLUTI. BEINAR SPURNINGAR. (55%)

1. (3%) Nefnið þrjú atriði sem auka líkur á ofkælingu.

2. (4%) Nefndu fjögur atriði sem nauðsynlegt er að gefa upplýsingar um, þegar hringt er í neyðarlínuna.

3. (4%) Nefnið fjögur einkenni sem benda til losthættu.

6. (6%) Þú situr hjá afa þínum og þið eruð að horfa á sjónvarpið Skyndilega fær afi þinn óþægilegan þyngslaverk fyrir brjóstið, hann svitnar heilmikið verður föllur, mæðinn og óglatt. Hvað telur þú að sé að afa þínum og hvernig ætlar þú að bregðast við ?

7. (6%) Þú ert í heimsókn hjá vini þínum. Hann ætlar að bjóða þér í kaffi og með því. Þú situr inni í stofu og lest blöðin þegar þú heyrir skyndilega eitthvað furðulegt hljóð frá eldhúsinu. Þú ákveður að kanna málin. Þú sérð að vinur þinn er fastur við rafstraum (ónýta kló sem er enn í sambandi við rafmagn). Hvernig skyndihjálpar ætlar þú að veita vini þínum ?

8. (6%) Hvaða skyndihjálp veitir þú manni sem hefur fengið járntein í brjóstkassann og hvað er til ráða ef teinninn hefur verið tekinn út ?

9. (4%) Nefnið fjögur atriði sem ætíð þarf að hafa í huga þegar komið er að vettvangi slyss. Grundvallarreglur skyndihjálparamannsins.

10. (5%) Hver er tilgangur þess að spelka beinbrot ?

11. (2%) Nefndu tvö hegðunareinkenni sem kemur fram hjá fólki við ofkælingu.
